

Fundargerð

Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar

1. fundur

Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar kom saman til 1. fundar á Teams þann 19. desember 2025.

Fundinn sátu:

- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Sigrún Þómar, Skorradalshreppi
- Guðveig L Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Stefán Broddi Guðjónsson, Borgarbyggð
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Lilja Björg Ágústsdóttir, starfsmaður Borgarbyggðar

Ragnhildur Eva Jónsdóttir boðaði forföll.

Samþykkt að Lilja Björg Ágústsdóttir, starfsmaður Borgarbyggðar riti fundargerð. Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri Borgarbyggðar opnar fund og tekur að sér fundarstjórn í upphafi.

1. Kosning formanns

Guðveig Lind hefur gefið kost á sér sem formaður hópsins.

Afgreiðsla: Guðveig Eyglóardóttir kjörin formaður með öllum greiddum atkvæðum.

Nýkjörnum formanni gefin fundarstjórn.

Þú spyr hvort Teams fundir eigi ekki að heyra til undantekninga. JE svarar að það sé heimilt samkvæmt samþykktum að vera með Teams fundi. Rætt um að mögulega sé betra að hittast á staðnum en í ljósi þess hversu stutt dagskrá er í dag þá er heppilegt að vera með fundinn á Teams.

Þú spyr út í hvort það vanti ekki inn eina kærú frá íbúa í Skorradalshreppi. Ekkert slíkt hefur borist sveitarfélögunum.

2. Ráðgjafapjónusta vegna vinnu við sameiningu

Lagt til að vinna áfram með ráðgjöfum KPMG. Þeir verði faglegir ráðgjafar og sitji fundi með stjórninni. Eins verður rýmt til hjá starfsfólki sveitarfélaganna til að koma inn í vinnuna þegar að því kemur að handfæra inn í kerfin. KPMG hefur mikla reynslu af þessum störfum og hefur komið að verkefninu alveg frá upphafi.

Afgreiðsla: Samþykkt að ráða KPMG til að vinna sem ráðgjafa með vinnunni og starfsmönnum falið að vera í sambandi við ráðgjafa. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. Næsti fundur stjórnarinnar

Lagt til að hann fari fram miðvikudaginn 7. janúar kl. 13:00 og að hann verði í ráðhúsi Borgarbyggðar.

Afgreiðsla: Næsti fundur stjórnar fari fram þann 7. janúar 2026 kl. 13:00. Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 9:17